

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Djúpavogi



Dags eftirlits	20.6.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	725275,57	470435,905

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom fram 1 frávik frá kröfum í starfsleyfi. Ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Djúpavogi, farið yfir kröfur um mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Mæling á olíuleifum í frárennsli olíuskilju barst Umhverfisstofnun 12. júní sl. og stóðst frárennslið kröfur í reglugerð.

Olíuskilja stöðvarinnar er þjónustuð í samræmi við kröfur í starfsleyfi.

Nú er einungis einn geymir eftir í stöðinni, en þrír geymar (T0044, T0138 og T0173) hafa verið fjarlægðir á síðasta ári. Frágangi eftir verktaka er ekki lokið og þarf að fjarlægja og/eða blinda lagnir sem ganga út úr afgreiðslu/dæluhúsi. Einnig þarf að hreinsa olíumengaðan jarðveg úr undirlagi geyma sem fjarlægðir hafa verið (olía var og er notuð til tæringarvarna undir birgðageyma). Hluti girðingar og hlið hafa verið fjarlægð við verkið og þarf að endurnýja það.

Geymir T0055 er í notkun og var botnþykktarmældur árið 2007.

Ein lögn liggur út úr stöðinni og er hún notuð til afgreiðslu á skip og báta í höfninni. Þrýstiprófun lagnarinnar er frá 2007, svo komið er að endurmælingu.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
grein 43. í rg. nr. 35/1994, sbr. grein 1.2 í starfsleyfi. Viðgerð á girðingum og hliði.	Krafa í starfsleyfi, grein 1.2, er um að starfsemi olíubirgðastöðvarinnar skuli rekin í samræmi við ákvæði í reglugerð nr. 35/1994. Þar segir að olíubirgðastöðvar skuli afgirtar með minnst 2 metra hárrí girðingu sem hindrar óviðkomandi umferð. Gera þarf við skemmdir á girðingu og hliði.

ATHUGASEMDIR


Frágangur á lóð olíubirgðarstöðvarinnar.

Athugasemd 1: Krafa er um að rekstraraðili skuli halda athafnasvæði sínu snyrtilegu og tryggja að þar séu engir hlutir eða efni sem ekki tilheyra starfseminni. Ljúka þarf hreinsun á botnsvæðum geyma sem fjarlægðir hafa verið. Fjarlægja þarf og blinda lagnir sem klipptar hafa verið í sundur með stórvirkum vinnuvélum.

ANNAÐ

Önnur mál: Þrýstiprófa þarf afgreiðslulögn 765.60.00 á árinu.

Reykjavík, 03.07.2012



Gottskálk Friðgeirsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.